

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/17/EB

frá 22. mars 2007

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga III. og VI. viðauka við hana að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 4) Framkvæmdastjórnin skoraði því á iðnaðinn að leggja fram öryggisgögn yfir efni merkt með táknuinu (*) þegar efnin eru notuð í meiri styrkleika í öðrum tilgangi.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 5) Á grundvelli þessara öryggisgagna komst vísindanefndin að þeirri niðurstöðu að notkun margra þeirra rotvarnarefna, sem um getur í VI. viðauka, í öðrum tilgangi og í meiri styrkleika, sé örugg.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

- 6) Örugum styrkleikamörkum rotvarnarefnanna, fyrir notkun í öðrum tilgangi, skal bætt við III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Til glöggvunar skal það tilgreint við viðkomandi færslur í III. viðauka að sömu efnin eru skráð í VI. viðauka við þá tilskipun.

að höfðu samráði við vísindanefndina um neytendavörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er sett fram skrá yfir rotvarnarefni sem eru leyfð í snyrtivörum. Efnin, sem eru skráð í VI. viðauka og eru merkt með táknuinu (*), má nota á annan hátt en sem rotvarnarefni í öðrum styrkleika en er fastsettur í þeim viðauka ef tilgangurinn kemur greinilega fram í kynningu vörunnar. Engu að síður getur notkun þessara efna verið takmörkuð í öðrum viðaukum við þá tilskipun.

- 7) Efnin, sem vísindanefndin áleit ekki örugg þegar þau eru notuð í öðrum styrkleika og í öðrum tilgangi en þeim sem mælt er fyrir um í VI. viðauka, skulu lúta þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka varðandi notkun þeirra sem rotvarnarefna. Því skal fella brott táknið (*) við þau efni í VI. viðauka.

- 2) Efnin, sem eru skráð í VI. viðauka og eru ekki merkt með táknuinu (*), má ekki nota í öðrum styrkleika en þeim sem gefinn er upp í þeim viðauka og aðrar takmarkanir, sem settar eru fram þar, eiga líka við þegar þessi efni eru notuð í öðrum tilgangi.

- 8) Til að tryggja samræmda aðferð skulu öll efni, sem skráð eru í VI. viðauka og sem einnig má nota í snyrtivörur í öðrum tilgangi og með meiri styrkleika en mælt er fyrir um í þeim viðauka, merkt með táknuinu (*).

- 3) Vísindanefndin um neytendavörur (hér á eftir nefnd „vísindanefndin“) skilaði álitum þess efnis að takmarkanirnar fyrir notkun og varnaðarorðin í VI. viðauka skuli líka gilda ef rotvarnarefnin, sem merkt eru með táknuinu (*), eru notuð í öðrum tilgangi.

- 9) Vísindanefndin taldi það auk þess öruggt að auka hámarksstyrkleika bensósýru og natríumsalts af henni í vörum sem á að skola af eftir notkun og í vörum til munnhirðu og að auka hámarksstyrkleika pýrípiónsinks sem notað er sem rotvarnarefni í hárvörum sem eru skolaðar úr eftir notkun. Því þykir rétt að breyta tilvísunarnúmerum 1 og 8 í VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

- 10) Vísindanefndin álitur einnig að metýldíbrómglútarónítril skuli ekki vera í snyrtivörum þar sem örugg styrkleikamörk í snyrtivörum, sem á ekki að skola af eftir notkun, og vörum, sem á að skola af eftir notkun, hafi ekki verið fastsett. Því er nauðsynlegt að fella efnið brott úr tilvísunarnúmeri 36 í VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/1/EB (Stjtið. ESB L 25, 1.2.2007, bls. 9).

- 11) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við þetta.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. og VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 24. mars 2008 setji hvorki framleiðendur né innflytjendur, sem hafa staðfestu í Bandalaginu, á markað snyrtivörur sem eru ekki í samræmi við þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessar vörur séu ekki seldar eða þeim sé ráðstafað með öðrum hætti til neytenda eftir 23. júní 2008.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. september 2007.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. hluta III. viðauka er breytt sem hér segir:

tilvísunarnúmer 98 til 101 bætist við eins og tilgreint er hér á eftir:

Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskýrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
„98	Salísýlsýra ⁽¹⁾ (CAS-nr. 69-72-7)	a) Hárvörur sem á að skola úr eftir notkun, b) Aðrar afurðir	a) 3,0 % b) 2,0 %	Má ekki nota í efnablöndur fyrir börn yngri en þriggja ára, að undanskildum hárfvottalegi. Í öðrum tilgangi en til að hindra myndun örvera í vörunni. Tilgangurinn verður að koma greinilega fram í kynningu vörunnar.	Má ekki nota fyrir börn yngri en þriggja ára ⁽²⁾
99	Ólífræn súlfit og bisúlfít ⁽³⁾	a) Oxandi hárlitunarvörur b) Hárvörur til aflíðunar c) Brúnkukrem fyrir andlit d) Önnur brúnkukrem	a) 0,67%, gefið upp sem óbundið brennisteinsdíó xíð b) 6,7%, gefið upp sem óbundið brennisteinsdíó xíð c) 0,45%, gefið upp sem óbundið brennisteinsdíó xíð d) 0,40%, gefið upp sem óbundið brennisteinsdíó xíð	Í öðrum tilgangi en til að hindra myndun örvera í vörunni. Tilgangurinn verður að koma greinilega fram í kynningu vörunnar.	
100	Tríklókarban ⁽⁴⁾ (CAS-nr. 101-20-2)	Vörur sem á að skola af eftir notkun	1,5 %	Hreinleikaskýrði: 3,3',4,4'-tetraklórásóbensen ≤1 milljónarhluti 3,3',4,4'-tetraklórásoxýbensen ≤1 milljónarhluti Í öðrum tilgangi en til að hindra myndun örvera í vörunni. Tilgangurinn verður að koma greinilega fram í kynningu vörunnar.	
101	Þýríþíónsínk ⁽⁵⁾ (CAS-nr. 13463-41-7)	Hárvörur sem á ekki að skola úr eftir notkun,	0,1%	Í öðrum tilgangi en til að hindra myndun örvera í vörunni. Tilgangurinn verður að koma greinilega fram í kynningu vörunnar.“	

⁽¹⁾ Sem rotvarnarefni, sjá nr. 3 í 1. hluta VI. viðauka.

⁽²⁾ Einungis fyrir vörur sem gætu verið notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára og sem eru í langvarandi snertingu við hörund.

⁽³⁾ Sem rotvarnarefni, sjá nr. 9 í 1. hluta VI. viðauka.

⁽⁴⁾ Sem rotvarnarefni, sjá nr. 23 í 1. hluta VI. viðauka.

⁽⁵⁾ Sem rotvarnarefni, sjá nr. 8 í 1. hluta VI. viðauka.

2) Ákvæðum 1. hluta VI. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í b-dálki falli táknið „(*)“ brott við tilvísunarnúmer 1, 2, 4, 7, 12, 14, 18, 19, 21, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 32, 33, 35, 37, 42 og 47
- b) Í b-dálki hefur táknið „(*)“ verið bætt við tilvísunarnúmer 5 og 43.
- c) Eftirfarandi komi í stað tilvísunarnúmers 1:

Tilvísunarnúmer	Efni	Leyfilegur hámarksstyrkur	Takmarkanir og kröfur	Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
a	b	c	d	e
„1	Bensósýra (CAS-nr. 65-85-0) og natríumsalt af henni (CAS-nr. 532-32-1)	Vörur sem skola á af eftir notkun, að undanskildum vörum til munnhirðu: 2,5% (sýra) Vörur til munnhirðu: 1,7 % (sýra) Vörur sem á ekki að skola af eftir notkun: 0,5 % (sýra)		
1a	Salt af bensósýru, annarri en þeirri sem er skráð undir tilvísunarnúmeri 1 og esterar af bensósýru	0,5 % (sýra)“		

d) Eftirfarandi komi í stað tilvísunarnúmers 8:

Tilvísunarnúmer	Efni	Leyfilegur hámarksstyrkur	Takmarkanir og kröfur	Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
a	b	c	d	e
„8	Pýrípíónsink (*) (CAS-nr. 13463-41-7)	Hárvörur: 1,0% Aðrar vörur: 0,5%	Aðeins vörur sem á að skola af eftir notkun. Má ekki nota í vörur til munnhirðu.“	

e) Tilvísunarnúmer 36 falli brott.